

126. fundur stjórnar.

Haldinn 3. desember 2025 stað fundur kl. 16:00 Gróska

Mættir voru úr stjórn Spítalans okkar: Þorkell Sigurlaugsson formaður, Gunnlaug Ottesen, Áslaug Eva Björnsdóttir og Berglind Magnúsdóttir sem ritaði fundargerð

1. Farið yfir fundarpunkta síðasta fundar.

- Þorkell fór yfir fundargerð síðasta fundar.

2. Dagskrá fundarins var að ræða umræðuefni fyrir málþing í mars.

- Ákveðið að hafa áherslu á heilbrigðistækni, stafrænar lausnir í heilbrigðisþjónustu og hvernig það muni hafa áhrif á heilbrigðiskerfið til framtíðar þar með talið nýjan Landspítala.
- Tillögur að fyrirsögn ræddar og þessar settar fram til að hita upp umræðuna. „Framtíðin er stafræn- tækni sem styrkir Nýjan Landspítala“, „Framtíðin er stafræn- hvernig tækni byggir Nýjan Landspítala“.

3. Innheimta félagsgjalda og málþing í mars.

Greiðsluseðlar verða sendir út í desember rætt um að halda málþing í mars sbr. hér að neðan og aðalfund í máí. Nánari upplýsingar um málþing í lok janúar

Framtíðin er stafræn – tækni sem styrkir nýjan Landspítala

Á málþingi í mars verður kynnt verður hvernig heilbrigðistækni og stafrænar þættir (og heilsa) mun breyta umtalsvert þróun heilbrigðiskerfisins þar með Landspítala á næstu árum.

Einnig verður fjallað um þróun verkefna næstu árin og áratugina hjá Landspítala og annarri tengdri spítalaþjónustu. Þar verða mörg verkefni framundan og verða nokkur þeirra kynnt. Ýmsir aðilar munu kynna verkefni og opnar umræður verða á fundinum. Nánir tímasetning og staðsetning verður kynnt í lok janúar.

4. Næstu fundir: Lagt er til að finna nýja fundardaga fyrir hálfsmánaðarlega stjórnarfundi. Sá fyrri verði stað-fundur og sá seinni Fjar-fundur.

Fundi slitið kl. 17:00.